MYNDLIST



Hann tekur í lurginn á samtíðinni með skopi og gagnrýni...

um PAUL WEBER þýzka grafíklista-manninn, sem nú sýnir að Kjarvalsstöðum

Menningarsamskipti við Þýzkaland hafa verið næsta lítil og löngum einblínt á Norðurlönd, enda þótt listrænt frumkvæði sér þar fátítt og Norðurlandaþjóðir á síðustu áratugum fremur þiggjendur en veitendur að þessu leyti. Sýningar norrænna myndlistarmanna hér á landi hafa varla talizt eftirminnilegar og ber þar oft mest á eftiröpun og endurómi frá stórþjóðunum, sem mega sín meira í listum eins og í öðru. Sú var tíðin að menn sóttu skólun og áhrif til Parísar, en nú heyrir það sögunni til og íslenzkir áhugamenn um myndlist hafa haft næsta lítil kynni af myndlist á meginlandi Evrópu.

Það er þessvegna fagnaðarefni, að Kjarvalsstaðir skuli fá hingað gamalkunnan listamann frá Þýzkalandi, A. Paul Weber. Hann hefur einbeitt sér að grafík og teikningu — og með sérstæðum hætti. Weber er sumsé einn þeirra sem spegla samtíðina í verkum sínum. Hann er satíristi, en svo eru nefndir þeir sem fjalla um menn og málefni með gagnrýni og skopi í senn. Satíran er vel þekkt form í bókmenntum einnig og leiklist, en því miður vantar orð yfir það á íslenzku.

A. Paul Weber er aldinn að árum; verður 84 ára á þessu ári, lætur sig ekki muna um það samt að koma til Íslands í tilefni sýningarinnar. Hann hefur verið virkur framá þennan dag í þá veru, að árlega gefur hann út bók með litógrafískum teikningum: „Krítískan kalendar" eða gagnrýnið almanak. Þar segir hann samtíðinni óspart til syndanna eins og hann hefur alltaf gert. Þar sjáum við ritskoðarann að þjarma að blaðamanninum, dansinn í kringum gullkálfinn, pappírsflóðið, sem endar í ruslafötunni eða með öðrum orðum: Sóunina.

Umhverfismál eru Weber hugstæð. Við sjáum, að það er verið að malbika jörðina og „síðasta tréð". Hann notar oft dýr í staðinn fyrir fólk og sýnir okkur einmanaleik mannsins og þjáningu ásamt með græðginni, sem er á góðri leið með að ganga af náttúrunni dauðri. Skelfingu lostin stara dýr jarðarinnar á „herra sköpunarinnar" í byssustingjabardaga og „glansnúmerið" er fífl með sprengju.

Weber er fæddur og uppalinn í Þýzkalandi og man vel tvær heimstyrjaldir og landið í rúst eftir báðar. Hann beitti myndháði sínu gegn nasistum og var settur í fangabúðir, en síðan leystur út og settur í herinn. Hina krítísku árbók sína hóf hann að gefa út 1959 og hefur haldið því áfram síðan. Á efri árum heur honum verið ýmiskonar sómi sýndur; m.a. hefur verið opnað A.Paul Weber-hús í Ratzeburg skammt frá Kiel og þá var Heinemann forseti viðstaddur.

Í fyrra var hér á ferðinni kynlegur kvistur frá meginlandi Evrópu: Hundertwasser. Hann vakti mikla athygli og þess er að vænta, að fengur þyki í Weber. Það er þýzka *bókasafnið í Reykjavík og félagið* Íslenzk grafík, sem standa saman að sýningunni, sem hófst 24 júní og lýkur 12. júlí.

Gísli Sigurðsson.



Við opnunin á A. Paul Weber-húsi í Ratzeburg 1975: Gustav Heinemann forseti og listamaðurinn til hægri.



Til hægri Hin mikla endastöð nútímans: Ruslafatan. Táknræn mynd um pappírsflóðið og sóunina.



Til vinstri: Dom-Café. Það andlega og það veraldlega nú á dögum. Annarsvegar veizlan mikla og allsnægtaborðið með þétt skipuðu bílastæði utan við gluggann og í baksýn kirkjan, sem bara stendur þarna og er eins og sviðskreyting.

Melankolía — þunglyndi. Tæknimaðurinn situr í glerbúri sínu, flugturninum og horfir ekki einu sinni á, þegar eitthvert eldflaugarskrýmsli fer undir svartri sól út eftir brautinni.

